



Umsókn um endurgjald vegna hreins kostnaðar Íslandspósts ohf. vegna alþjónustu á árinu 2025

1. Inngangur

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2020, var Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) útnefndur sem alþjónustuveitandi á sviði póstpjónustu um land allt.

Í ákvörðun stofnunarinnar er komist að þeirri niðurstöðu að ekkert fyrirtæki myndi veita þjónustu á tilteknum svæðum eða veita annarskonar þjónustu en skylt er samkvæmt lögum um póstpjónustu nr. 98/2019.

Til að afmarka þessi svæði var landinu skipt upp í virk- og óvirk markaðssvæði og við þá afmörkun var stuðst við póstnúmerakerfi ÍSP, sem þróað hefur verið á undanförunum árum og Byggðastofnun hefur nú forræði yfir.

Í ákvörðun stofnunarinnar eru einnig afmarkaðar þær meginreglur sem ÍSP bera að fara eftir við útreikninga á hreinum kostnaði vegna alþjónustu, sbr. 12. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019, sbr. viðauki II með þeim sömu lögum.

Með lögum nr. 76/2021 um breytingu á lögum um póstpjónustu og lögum um Byggðastofnun var eftirlit með póstpjónustu flutt frá Póst- og fjarskiptastofnun yfir til Byggðastofnunar.

Þeir útreikningar sem hér eru lagðir fram eru í samræmi við ákvæði laga um póstpjónustu, sem og ákvörðun PFS nr. 13/2020, að teknu tilliti til þeirra leiðbeininga sem fram hafa komið í ákvörðun PFS nr. 1/2021 og ákvörðunum Byggðastofnunar nr. Á-1/2022, Á-3/2023, og Á-1/2024 og Á-5/2025, þar sem stofnanirnar hafa með réttarskýrandi hætti fjallað um einstök atriði útreikninga ÍSP, ásamt því að kveðið er á um tiltekinn tímamörk um hvenær ÍSP skal skila umsókn um endurgjald til eftirlitsaðila.

Útreikningar ÍSP vegna hreins kostnaðar fyrir árið 2025 sem nú er skilað inn til BST byggja á sambærilegri aðferðarfræði og forsendum og umsókn félagsins vegna endurgjalds fyrir árið 2024, sbr. ákvörðun BST nr. Á-1/2025.

Með ákvörðun BST nr. Á-5/2025 var ÍSP ákvarðað kr. 681.128.781, vegna veitingar alþjónustu innan póstpjónustu árið 2025. Endanlegt uppgjör, þ.e. greiðsla eftirstöðva/endurgreiðsla framlags samkvæmt ákvörðuninni á að fara fram þann 1. febrúar 2026, en ákvörðunin var með fyrirvara um raunuppgjör kostnaðar og uppfærslur kostnaðarlíkans ÍSP.

ÍSP sendi BST þann 26. nóvember 2025 bráðabirgðauppgjör vegna ársins 2025, sem byggði á 9 mánaða uppgjóri ÍSP og áætlun félagsins fyrir okt-des 2025.

Í skýringum sem fylgdu útreikningum félagsins sagði m.a.

„ÍSP er líkt og mörg önnur fyrirtæki í „Póstheiminum“ að þróast úr því að vera bréfadreifingarfyrirtæki með nokkra pakka í það að vera pakkafyrirtæki með nokkur bréf. Erfitt er hins vegar að setja einhvern ákveðinn punkt um hvenær þessari umbreytingu er að fullu lokið. Sú mikla fækkun á bréfum sem orðið hefur hér á landi umfram annars staðar í heiminum hefur leitt til þess að nauðsynlegt kann að vera að farið sé í gagngera endurskoðun á stuðlum, tímamælingum og öðrum þáttum sem tengjast kostnaði ÍSP af bréfa- og pakka dreifingu og þá um leið hreina kostnaði félagsins. ÍSP mun í janúar 2026, venju samkvæmt fara yfir allar tímamælingar, magntölur og kostnað niður á hverja vöru og nýir stuðlar reiknaðir, í samræmi við lýsingarskjal kostnaðarlíkansins. Þessi vinna er unnin jafnt og þétt yfir árið, en tekin endanlega saman við lokauppgjör.“

Í skýringum ÍSP með bráðabirgðauppgjörinu var einnig að finna eftirfarandi umfjöllun um aðgerðir 20 og 21 í kostnaðarlíkani félagsins:

„Aðgerðir 20 og 21 í kostnaðarlíkani félagsins sem gerðar voru breytingar á í aðdraganda að umsókn félagsins um endurgjald vegna ársins 2024, koma nú að fullu til framkvæmda í útreikningum félagsins. Hins vegar er full ástæða til þess að aftur verði farið ofan í forsendur þessarar skiptingar. Ástæða þess er að virkni kostnaðarlíkansins er með þeim hætti að eftir því sem bréfamagn minnkar þá lækkar kostnaður við dreifingu bréfa miðað við kostnaðarskiptingu kostnaðarlíkansins. Vísbendingar eru uppi um að sú breyting sem gerð var á aðgerðum 20 og 21 hafi því ekki dugað til að fanga eðlilega kostnaðarskiptingu á milli vara á óvirkum markaðssvæðum, þ.m.t. kostnað sem tengist flutningum sem og kostnað við bréfadreifingu á svæðum 2 og 3. Rétt er að taka fram að kostnaðarhlutföll á milli bréfa- og pakkadreifingar skipta minna máli á svæði 4.

Þess leitni í kostnaðarlíkaninu, sem helgast af magnminnkun innan kerfisins mun verða til þess sífellt erfiðara mun verða fyrir ÍSP, að standa undir kostnaði við bréfadreifingu um landið allt, sem er „heim að dyrum“

Rétt er að taka fram að hækkun á útreikningum á hreinum kostnaði frá ákvörðun BST nr. Á-/5/2025 skýrist einkum af þeirri magnminnkun sem orðið hefur í kerfum ÍSP.

Engar breytingar hafa verið gerðar á erfiðleikastuðlum í kostnaðarlíkani félagsins, né hafa verið gerðar breytingar á kostnaðarskiptingu á milli bréfa og pakka, umfram þær sem hafa verið samþykktar af BST, þ.e. uppfærsla á aðgerðum 20 og 21, sem og þeirri reglubundnu yfirferð á stuðlum sem gerðar eru árlega í samræmi við þær reglur sem gilda innan kostnaðarlíkansins. .

Útreikningar ÍSP sýna þann hreina kostnað sem fyrirtækið verður fyrir, og eru samþykktir af Byggðastofnun að séu byrði, vegna þeirra kvaða sem hvíla á fyrirtækinu, sbr. 12. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019. Í útnefningu ÍSP, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020, segir t.d.:

(59) Alþjónusta felur þannig í sér, að frelsi alþjónustuveitanda til að taka ákvarðanir eingöngu á viðskiptalegum grunni er skert. Dæmi um þetta er t.d. skylda til að dreifa alls staðar á landinu, að sama gjaldskrá skuli gilda alls staðar á landinu og að skylda viðkomandi fyrirtæki til að bjóða upp á tilteknar tegundir af þjónustu. Allar þessar skyldur geta síðan valdið kostnaði sem rétt er og eðlilegt er að ríkið beri ef talið verður að hann fari yfir ákveðin mörk, þ.e. sé ósanngjörn byrði á viðkomandi fyrirtæki.

Í samræmi við þessa umfjöllun má líta á umsókn félagsins, sem endurgjald ríkisins fyrir þjónustu sem ÍSP er gert skylt að veita á grundvelli opinberrar ákvörðunar. Um leið er endurgjaldið ákveðið uppgjör á kostnaði sem ekki er mögulegt að innheimta í gegnum gjaldskrár félagsins, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019.

1.2. Um verklag við útreikninga

Í útnefningu ÍSP, sem alþjónustuveitanda, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020, er m.a. vikið að reglum um útreikninga á kostnaði vegna alþjónustu, sbr. t.d. kafli 3.

Í ákvörðun PFS nr. 1/2021, „um framlag til handa Íslandspósti ohf. vegna alþjónustu á árinu 2020“ er víkið að nauðsyn þess að koma á ákveðnu verklagi við uppgjör á hreinum kostnaði, sbr. málsgrein 185 í ákvörðun stofnunarinnar.

Verklagið var síðan uppfært af BST í ákvörðun nr. Á-3/2023, sbr. kafli nr. 2.11.2 Tilgangurinn með breytingunum var einkum að koma á samtímagreiðslum fyrir þjónustu innan alþjónustu í samræmi við breytt verklag voru BST send umsókn þann 28. mars 2025 sem byggði á sambærilegri aðferðarfræði og forsendum og umsókn félagsins vegna endurgjalds fyrir árið 2024.

Stofnunin tók í framhaldinu ákvörðun nr. Á-5/2025 um endurgjald til handa Íslandspósti ohf. vegna alþjónustu í pósthjónustu árið 2025. Ákvarðað endurgjald hljóðaði upp á kr. 681.128.781,-

Íslenska ríkið, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu greiddi þann 1. júlí 2025 kr. 341.000.000,- og þann 1. október 2025 kr. 170.500.000,-

Greiðsla eftirstöðva og/eða endurgreiðsla mun fara fram þegar endanleg ákvörðun BST liggur fyrir.

ÍSP sendi síðan bráðabirgðauppgjör þann 26. nóvember 2025, sem byggði á 9 mánaða uppgjöri félagsins og áætlun fyrir okt-des.

Sú umsókn sem nú er send BST tekur til útreikninga líkansins sem byggir á raunkostnaði ársins 2025 í heild.

2. Skipting landsins í virk og óvirk markaðssvæði

Í útnefningu ÍSP, sem alþjónustuveitanda er landinu skipt upp í virk og óvirk markaðssvæði. Í málsgreinum 79-83 er komist svo að orði:

(79) Jafnframt verður að ætla að fyrirtækið myndi leita annarra lausna við afhendingu og dreifingu póstsendinga, en útburð á hvert heimili, á mörgum af þeim stöðum sem taldir eru upp sem óvirk markaðssvæði. Í því sambandi má t.d. benda á uppsetningu miðlægra afhendingarstaða, þar sem móttakendur myndu nálgast sínar sendingar sjálfir.

(80) Með breytingunni á viðmiðun úr 500 upp í 750 heimili/fyrirtæki er þannig leitast við að koma til móts við sjónarmið ÍSP um aukinn kostnað fyrirtækisins vegna landfræðilegra aðstæðna og um leið sett nýtt „gólf“ varðandi hvar ætla megi að fyrirtækið myndi veita fulla þjónusta, án sérstakrar kvaðar þar að lútandi. Þetta þýðir m.a. að staðir eins og t.d. Neskaupstaður, færast yfir í að vera talin óvirk markaðssvæði.

(83) Jafnframt ber að líta til þess að það er kostnaðargreiningin sjálf sem kveður endanlega úr um hvort hreinn kostnaður sé til staðar við útburð í tilteknu póstnúmeri, sem rétt sé að greiða fyrir af hálfu ríkisins. Með því má segja að í skiptingunni sé innbyggður ákveðinn sveigjanleiki sem getur leiðrétt frávík sem kunna að koma upp.

Í viðauka II með ákvörðun stofnunarinnar voru listuð upp þau póstnúmer sem teljast til óvirkra markaðssvæða.

Með ákvörðun BST nr. Á-14/2023 voru gerðar breytingar á útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda.

Meginbreytingin var að skylda innan alþjónustu að því er varðaði dreifingu á pökkum innanlands undir 10 kg. var felld niður úr útnefningunni, nema á svæði 4. Í viðauka II sem birtur er með ákvörðuninni eru listuð upp þau póstnúmer sem falla nú undir útnefningu, að því er varðar dreifingu á pökkum innanlands.

Með ákvörðun BST nr. Á-11/2024, voru síðan eftirfarandi póstnúmer færð í viðauka II, þar sem talin eru upp þau póstnúmer sem teljast til óvirkra markaðssvæða m.t.t. dreifingar á pökkum innanlands:

- Selfoss (806)
- Mývatn/Reykjahlíð (660)
- Grenivík (610)
- Laugar (650)
- Súðavík (421)
- Reykjanesbær (Hafnir) (233)

Útreikningar félagsins vegna hreins kostnaðar við dreifingu pakka taka mið af ákvörðun BST nr. Á-14/2023, sbr. ákvörðun BST nr. Á- 11/2024, sbr. upptalning á póstnúmerum, að teknu tilliti til þess sem fram kemur í málsgrein 83, í ákvörðun PFS nr. 13/2020, sem vísað er til hér að ofan.

Eftir þessar breytingar er skiptingin að því er varðar bréfadreifingu ÍSP, innan alþjónustu, eftirfarandi:

	Heimili	Vinnustaður	Samtals	Hlutfall
Virk	87,633	10,353	97,986	63.6%
Óvirk	48,051	7,939	55,990	36.4%
	135,684	18,292	153,976	100%

Útreikningar ÍSP, að því er varðar kostnað vegna bréfadreifingar, innan alþjónustu byggja á skiptingu landsins í virk og óvirk svæði, eins og hún var skilgreind í ákvörðun BST nr. Á -14/2023 og 11/2024. Samkvæmt HMS er fjöldi heimila á landinu 166.006¹ og fjöldi fyrirtækja á Íslandi samkvæmt Hagstofunni var 84.718 (áætlað 31.377 lúgur) á árinu 2024 (en 2018 voru þau 50.107 fyrirtækin með 18.292 lúgur). Fjöldi viðkomustaða ÍSP hefur þannig sífelld verið að aukast á undanförunum árum, en á sama tíma hefur bréfum fækkað um 93%. Þessi aukning hefur í för með sér að kostnaður félagsins við að dreifa hverri einingu hefur aukist þrátt fyrir miklar hagræðingaraðgerðir innan fyrirtækisins.

Töflur um fjölda heimila/fyrirtækja hafa ekki verið uppfærðar með tilliti til fjölgunar heimila/fyrirtækja samkvæmt tölum HMS. Að mati ÍSP hefur það engin áhrif á skilin á milli virkra og óvirkra markaðssvæða sem nú er stuðst við í útreikningum ÍSP. Ef horft er til bréfamarkaðarins þá hefur fjölgun heimila/fyrirtækja þau áhrif að óhagkvæmni dreifingarinnar eykst ennfrekar, þar sem magn bréfa heldur áfram að minnka.

Hvað varðar innanlands pakkann þá tekur útnefning ÍSP einungis til svæðis 4 þar sem dreifibýli er þjónustað með landpóstum. Möguleg fjölgun heimila/fyrirtækja og þar með fjölgun viðkomustaða gerir pósthjónustu á því svæði einungis óhagkvæmari.

Með skiptingu í virk og óvirk svæði er einnig búið að ákvarða hvernig ÍSP myndi haga uppbyggingu fyrirtækisins án alþjónustuskyldu, þ.e. fyrirtækið myndi hætta að veita þjónustu á þessum svæðum sem skilgreind eru sem óvirk. Um leið er búið að uppfylla eftirfarandi viðmið og leiðbeiningar sem gefnar eru í viðauka II, í lögum um pósthjónustu nr. 98/2023, um hvernig beri að reikna út hreinan kostnað alþjónustuveitanda, sbr. m.a. eftirfarandi tilvitnanir:

Í 4. mgr.

Vandlega skal hugað að því að meta rétt kostnað sem alþjónustuveitandi hefði kosið að komast hjá hefði ekki verið um neinar alþjónustuskyldur að ræða.

Í 5. mgr.

Útreikningur grundvallast á kostnaði sem hægt er að heimfæra á:

¹ Tölur í nóvember 2024.

...

ii. Tiltekna notendur eða hópa notenda sem aðeins er hægt að þjóna með tapi eða meiri kostnaði en eðlilegt getur talist í viðskiptum,

Í 6. mgr.

Undir þennan flokk falla notendur og hópar notenda sem fengju enga þjónustu hjá póstrekanda sem starfaði á viðskiptagrundvelli og væri ekki skylt að veita þjónustu.

Útreikningar félagsins taka mið af tilvitnuðum sjónarmiðum með því að tilgreina einungis kostnað fyrirtækisins við þjónustu á óvirkum svæðum, að fráðregnum þeim tekjum fyrirtækisins sem eiga uppruna að rekja til viðkomandi óvirkra svæða.

Útreikningar félagsins taka mið af eftirfarandi meginreglum í samræmi við 12. gr., sbr. viðauka II í lögum um pósthjónustu nr. 98/2019, sbr. ákvarðanir PFS nr. 13/2020 og nr. 1/2021 og ákvarðanir BST nr. Á-1/2022, Á-3/2023, 14/2023, Á-1/2024 og Á-5/2025.

Um leið taka útreikningar félagsins mið af því samandregna yfirliti sem lýst er með eftirfarandi hætti í útnefningu félagsins sem alþjónustuveitandi, þar sem óvirk markaðssvæði, samsvara sviðsmyndinni

„+ Tekjur mínus kostnaður án alþjónustuskyldu (e. *Counterfactual scenario*)“ sbr. kafli 3.3.6. í ákvörðun PFS nr. 13/2020 um útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda.

3.3.6 Um hreinan kostnað

(176) Samandregið yfirlit yfir mat á hreinum kostnaði viðkomandi alþjónustu á því að setja fram með eftirfarandi hætti:

- Tekjur mínus kostnaður með alþjónustuskyldu (e. *Actual scenario*)
- + Tekjur mínus kostnaður án alþjónustuskyldu (e. *Counterfactual scenario*)
- + Óefnislegur markaðsávinningur
- + Hagræðingarkrafa (lækkun kostnaðar)
- = **Hreinn kostnaður**

(177) Mat á því hvort hreinn kostnaður teljist ósanngjörn byrði fer síðan fram sjálfstætt eftir að hreinn kostnaður hefur verið fundinn út.

Útdeiling á kostnaði félagsins er lýst í „Íslandspóstur ohf., kostnaðarlíkan uppbygging og virkni, janúar 2024“

Bókhaldslegur aðskilnaður félagsins er jafnframt tekin út af óháðum aðila, en úttektin hefur verið send Byggðastofnun jafnóðum og hún liggur fyrir.

3. Útreikningar á hreinum kostnaði vegna alþjónustu

Í útnefningu PFS á ÍSP sem alþjónustuveitanda er í mgr. 15-17 almenn lýsing á því við hvaða aðstæður alþjónustubyrði getur skapast, þar segir:

(15) Um alþjónustubyrði er að ræða þegar álagning alþjónustukvaða á póstrekanda um að veita tilteknum notendum pósthjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps sem ekki myndi skapast ef almenn viðskiptasjónarmið yrðu lögð til grundvallar. Mikilvægt er að hafa þessa skilgreiningu í huga þegar fjallað er um kostnað vegna alþjónustu. Skilgreiningin felur m.a. í sér að ekki er hægt að líta á allt tap sem félag verður fyrir vegna veittra þjónustu sem kostnað vegna alþjónustu. Um sjálfstætt mat er að ræða sem gert er til hliðar við kostnaðarbókhald viðkomandi alþjónustuveitanda. Ávallt þarf að meta það hvernig fyrirtæki hefði hagað sér á markaði, án þessarar

tilteknu skyldu, t.d. hvort tiltekið tap sé í tengslum við alþjónustu eða hvort það er í tengslum við rekstur fyrirtækisins almennt. Það er því ekki sjálfgefið að allur bókfærður kostnaður innan alþjónustu hjá viðkomandi alþjónustuveitanda sé tilkominn vegna þeirrar skyldu sem lögð er á alþjónustuveitanda og teljist þ.a.l. til kostnaðar vegna alþjónustu og lúti þá um leið þeim reglum sem gilda um endurgreiðslu á kostnaði vegna alþjónustu.

(16) Fyrirtækið verður því líkt og önnur fyrirtæki að mæta öðru tapi, en vegna alþjónustu, með almennum hagræðingaraðgerðum, breytingum á tilhögun þjónustu þar sem það er mögulegt eða með hækkun á gjaldskrá.

(17) Jafnframt þarf að hafa í huga að aðstæður á póstmarkaði geta breyst umtalsvert og stundum á tiltölulega skömmum tíma, t.d. hefur magn á sendingum undir 50 gr. minnkað umtalsvert á undanförunum árum. Af þessum breytingum leiðir að það sem mögulega hefur talist eðlilegt vegna viðskiptasjónarmiða í fortíð er ekki endilega vísbending um að sama fyrirtæki muni haga sér með sama hætti í dag. Stöðugt endurmat getur því þurft að eiga sér stað þegar hegðun fyrirtækja á markaði er metin með tilliti til þessa hvort fyrirtæki eigi rétt á því að fá bættan kostnað vegna kvaða um tiltekna þjónustu undir merkjum alþjónustu.

Í útreikningum ÍSP á alþjónustubyrði ÍSP hefur verið tekið tillit til ofangreindra sjónarmiða og meginreglna um alþjónustu og kostnað vegna hennar og eru útreikningar félagsins takmarkaðir við niðurstöðu opinberra aðila um svokölluð óvirk markaðssvæði, sjá viðauka I og II í ákvörðun BST nr. Á- 14/2023 og Á-11/2024, en með þessum ákvörðunum átti sér stað ákveðið endurmat á hinni upprunalegu útnefningu og hún þróuð í samræmi við breytingar á markaði.

3.1. Leiðbeiningar í ákvörðun PFS nr. 13/2020

Í kafla 3.3. í ákvörðun PFS nr. 13/2020 er að finna nokkrar grunnreglur sem ÍSP skal viðhafa við útreikning á hreinum kostnaði félagsins vegna alþjónustu

Um rétt á sanngjörnum hagnaði, sbr. kafla 3.3.1.

Í samræmi við þær leiðbeiningar sem koma fram í útnefningunni hefur ÍSP reiknað út ávöxtunarkröfu, sbr. útreikningar í viðauka „Annar útreikningur með umsókn 2024“

Um mat á óefnislegum ávinningi og markaðsávinningi, sbr. kafla 3.3.2.

Undir þennan lið falla atriði eins og vörumerki, ímynd, alnánd og æviferilsáhrif.

Samkvæmt útnefningunni er meginreglan að hafa skal hliðsjón af framkvæmd á EES svæðinu og framkvæmd hér á landi. Einnig er gefin heimild til að miða við 20% af viðeigandi markaðs- og sölukostnaði viðkomandi árs. Ávinningurinn skal síðan endurmetin árlega.

Útreikningar félagsins miða við 20% af viðeigandi markaðs- og sölukostnaði, sjá útreikninga í viðauka „Annar útreikningur með umsókn 2025“

Bókhaldsleg aðgreining, sbr. kafla 3.3.3

Í útnefningu ÍSP kemur fram að rekstur alþjónustu eigi að vera sérgreindur frá annarri starfsemi þar sem kostnaður er heimfærður á viðkomandi þjónustu. Rekstrarreikningar skulu byggjast á sögulegum kostnaði, þ.e. á raunverulegum skráðum kostnaði og tekjum á viðkomandi reikningsári.

Útreikningar félagsins skulu byggja á kostnaðarbókhaldi félagsins, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem eftirlitsaðilar hafa kveðið á um, ásamt því sjálfstæða mati sem fara skal fram samkvæmt reglum um hreinan kostnað.

Hvati til kostnaðarhagkvæmni, sbr. kafli 3.3.4.

Notendur eða hópur notenda sem ekki er hægt að þjónusta á viðskiptalegum grunni

Í útnefningu ÍSP er búið að skilgreina þau svæði sem fyrirtækið myndi ekki þjóna á viðskiptalegum grunni, þ.e. fengu enga þjónustu, án sérstakrar kvaðar þar að lútandi.

Í ákvörðuninni er m.a. vísað til eftirfarandi reglu sem fram kemur í viðauka II með lögum um pósthjónustu sem er svohljóðandi: „*Finna skal þá notendur eða hópa notenda sem ekki er hægt að þjónusta á viðskiptalegum grunni, að teknu tilliti til kostnaðar og tekna af þjónustunni og viðeigandi samræmdra gjalda.*“ Umræddir notendur eða hópar notenda voru skilgreindir út frá póstnúmerum. Í viðauka II með ákvörðuninni eru talin upp þau póstnúmer sem skilgreint voru sem óvirk markaðssvæði. Jafnframt var tiltekið að alþjónustuveitandi yrði í sínum útreikningum og forsendum að miða við þessa skiptingu. Sjá nánar um þennan lið umfjöllun ÍSP í kafla 2 hér að ofan.

Gert verður grein fyrir því hvernig ÍSP uppfyllir viðkomandi meginreglur í umfjöllun um hvert og eitt af þessum sjónarmiðum.

3.2. Breytingar Íslandspósts á kostnaðarlíkani félagsins

3.2.1 Almennt

Með umsókninni fylgir lýsingarskjal á kostnaðarlíkani félagsins, þar sem tekið hefur verið tilliti til þeirra breytinga sem BST kvað á um í ákvörðun nr. Á-1/2024, þar sem kveðið var á um að frá og með 1. janúar 2024 skyldi kostnaðarbókhaldi félagsins breytt á þann veg að allar vörur sem nota dreifikerfið taki á sig kostnað af dreifingu með sama hætti, sjá nánar „*Íslandspóstur ohf., kostnaðarlíkan uppbygging og virkni, janúar 2024*“ Engar breytingar hafa verið gerðar á kostnaðarlíkani félagsins á árinu 2025, og er því stuðst við sama lýsingarskjal og stuðst var við útreikninga á hreinum kostnaði á árinu 2024. Stuðlar hafa verið uppfærðir í samræmi við þær reglur og viðmið sem gilda innan kostnaðarlíkansins.

ÍSP er líkt og mörg önnur fyrirtæki í „Póstheiminum“ að þróa úr því að vera bréfadreifingarfyrirtæki með nokkra pakka í það að vera pakka-fyrirtæki með nokkur bréf. Erfitt er hins vegar að setja einhvern ákveðinn punkt um hvenær þessari umbreytingu er að fullu lokið. Sú mikla fækkun á bréfum sem orðið hefur hér á landi umfram annars staðar í heiminum hefur leitt til þess að nauðsynlegt kann að vera að farið sé í gagngera endurskoðun á stuðlum, tímamælingum og öðrum þáttum sem tengjast kostnaði ÍSP af bréfa- og pakka dreifingu og þá um leið hreina kostnaði félagsins. Hefðbundin uppfærsla fór fram í janúar 2026 þar sem farið var yfir allar tímamælingar, magntölur og kostnað niður á hverja vöru og nýir stuðlar reiknaðir, í samræmi við lýsingarskjal kostnaðarlíkansins.

Rétt er geta þess að aðgerð 20 og 21 hafa verið endurskoðaðar þar sem vægi þyngdar á milli vara er ekki eins afgerandi þáttur í skiptingu kostnaðar og áður, auk þess sem atriði eins og laun og bifreiðakostnaður er nú tekinn með. Með þessum breytingum telur ÍSP að bréfin taki nú eðlilegri þátt í kostnaði við flutninga um landið sem leiða mun til réttari niðurstöðu. Samkomulag varð um við BST að þessi breyting kæmi einungis til framkvæmda til hálfis við útreikninga á hreinum kostnaði ársins 2024. Í útreikningum ÍSP nú er hins vegar að fullu tekið tillit til þessara breytinga.

Í kafla 6 er gert grein fyrir helstu hagræðingar aðgerðum félagsins á árinu 2025, sem endurspeglast með beinum hætti inn í kostnaðarlíkan félagsins.

4. Almennar forsendur ÍSP

Útreikningar félagsins eru brotnir upp í samræmi við fyrirmæli í 7. töl. í ákvörðunarorðum ákvörðunar PFS nr. 13/2020, þ.e.:

Til að tryggja gagnsæi skal Íslandspóstur brjóta upp og skila útreikningum félagsins á hreinum kostnaði, með eftirfarandi hætti:

- Hreinn kostnaður vegna dreifingar í dreifbýli (landpóstadreifing), sbr. excel skjal merkt „Alþjónustubyrði 2025 ABC“
- Hreinn kostnaður vegna dreifingar í þéttbýli, þar sem heimili/fyrirtæki eru undir 750, sbr. excel skjal merkt „Alþjónustubyrði 2025 ABC“
- Hreinn kostnaður vegna blindrasendinga, sbr. excel skjal merkt „annar útreikningur með umsókn 2025“

Við útreikninga félagsins vegna endurgjalds ársins 2025 var stuðst við kostnaðarlíkan félagsins, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020 og ákvörðun BST- nr. Á-1/2024, sjá einnig umfjöllun í kafla 3 þar sem vikið er að breytingum sem hafa verið gerðar, m.a. á útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda.

Útreikningar félagsins byggja á líkaninu en eru gerðir til hliðar við niðurstöðu kostnaðarmóðels félagsins, sbr. umfjöllun í málsgrein 49 í ákvörðun PFS nr. 1/2021.

Á árinu 2024 voru gerðar breytingar á færslu kostnaðar innan kostnaðarlíkans ÍSP samkvæmt tilmælum BST. Kostnaðinum er nú jafndreift á allar vörur (ABC) en áður hafði verið stuðst við LRAIC aðferð (Long-run average incremental cost method).

Útreikningarnir byggja á niðurstöðu eftirlitsaðila um hvaða notendur eða notendahópar myndu ekki fá þjónustu ef engin alþjónustuskylda væri fyrir hendi, sjá t.d. umfjöllun í málsgreinum 29-32 í ákvörðun PFS nr. 1/2021. Til að einangra þessa hópa var stuðst við pósthúmer og landinu skipt upp í virk- og óvirk markaðssvæði, sbr. umfjöllun í málsgreinum 79-83, í ákvörðun PFS nr. 13/2020, sbr. ákvörðun BST nr. Á-14/2023 og ákvörðun BST nr. Á-11/2024, en með þessum tveimur ákvörðunum voru gerðar tiltekna breytingar á útnefningunni sem tekið er tillit til í útreikningum ÍSP.

5. Fyrirkomulag bókhald alþjónustuveitanda

Í tengslum við þá útreikninga sem nú eru sendir er einnig rétt að gera grein fyrir hvernig félagið uppfyllir kröfur núgildandi laga um bókhaldslega aðgreiningu.

Í 19. gr. laga um pósthjónustu er kveðið á um fyrirkomulag bókhald alþjónustuveitanda, en þar segir.

Bókhald alþjónustuveitanda skal byggjast á hlutlægum reikningsskilareglum í samræmi við viðurkenndar aðferðir. Ársreikningar alþjónustuveitanda skulu gerðir í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir opinberlega.

Alþjónustuveitandi skal í bókhaldi sérgreina kostnað og tekjur fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir alþjónustu. Bókhaldsleg aðgreining er forsenda þess að alþjónustuveitandi geti sótt um fjárframlag vegna alþjónustu sem honum er skylt að veita og hann telur ósanngjarna byrði á fjárhag sinn.

Rekstur alþjónustu er sérgreindur frá annarri starfsemi alþjónustuveitanda þar sem kostnaður er heimfærður á viðkomandi þjónustu. Rekstrarreikningar byggjast á sögulegum kostnaði, þ.e. á raunverulegum skráðum kostnaði og tekjum á viðkomandi reikningsári.

Í samræmi við ákvörðun BST-Á-1/2024 hefur kostnaðarlíkani ÍSP verið breytt á þann veg að allar vörur sem nota dreifikerfið taka á sig kostnað af dreifingu með sama hætti. Sjá nánar lýsingarskjal sem fylgir kostnaðarbókhaldi félagsins.

Útreikningar byggja á kostnaðarbókhaldi félagsins, ásamt því sjálfstæðu mati sem fara skal fram samkvæmt reglum um hreinan kostnað.

5.1. Óháður endurskoðunaraðili

ÍSP uppfyllir 1. málsl. mgr. 19. gr. m.a. með því að skila inn árlega álitsgerð óháðs endurskoðunaraðila, sbr. ákvörðun PFS nr. 18/2013. Í álitsgerðinni er staðfest að samræmi sé á milli lýsingar ÍSP á skiptingu kostnaðar og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði ÍSP. Í álitsgerðinni kemur eftirfarandi fram:

- Niðurstöður þess aðila sem framkvæmir skoðunina.
- Yfirlit yfir öll tilvik þar sem ósamræmi er til staðar.
- Tillögur þess sem framkvæmir skoðunina um úrbætur og áhrif þeirra.
- Ítarleg lýsing á því hvernig staðið var að skoðuninni.
- Samandregnar fjárhags- eða bókhaldsupplýsingar.
- Athugun á réttmæti kostnaðarvaka við skiptingu kostnaðar.

Þau gögn sem koma til skoðunar voru eftirfarandi:

- LRAIC líkan -uppbygging og virkni – mars 2014 (með viðeigandi árlegum uppfærslum)
- LRAIC líkan -útreikningar ÍSP vegna viðkomandi árs og tilheyrandi stuðningsgögn.

Síðasta skýrsla á grundvelli ofangreinds var gerð af Deloitte, „Bókhaldslegur aðskilnaður Íslandspósts ohf., 15 maí 2025“ Skýrslan tók til ársins 2024. Engar athugasemdir komu fram af hálfu Deloitte um framkvæmd bókhaldslegs aðskilnaðar hjá félaginu. ÍSP mun senda skýrslu óháðs aðila fyrir árið 2025, sem þessi umsókn tekur til um leið og hún liggur fyrir.

Samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laga um pósthjónustu er bókhaldsleg aðgreining forsenda þess að alþjónustuveitandi geti sótt um framlag vegna alþjónustu sem honum er skylt að veita og hann telur ósanngjarna byrði á félaginu. Ekki verður því séð annað en að með þeirri skýrslu sem nú liggur fyrir varðandi bókhaldslegan aðskilnað félagsins fyrir árið 2023, sbr. ákvörðun BST nr. Á-1/2025, liggi nú fyrir endanlegt samþykki óháðs aðila á að aðgreining bókhalds félagsins á árinu 2024, sem ákvörðun BST tók til sé réttur.

5.2 Um ársreikninga og opinbera birtingu

Ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ÍSP og ársreikningar félagsins eru birtir opinberlega, sbr. seinni málsl. 1. mgr. 19. gr. laga um pósthjónustu.

5.3. Hvaða þætti í starfseminni er skylt að aðgreina

Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. , sbr. reglugerð nr. 313/2005, eins og hún verður skilin eftir að einkaréttur hefur verið afnuminn, skal aðgreina eftirfarandi þætti í starfsemi félagsins:

Alþjónustuveitandi skal í bókhaldi sérgreina kostnað og tekjur fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir alþjónustu.

Í ákvörðun PFS nr. 13/2020, „útnefning Íslandspósts ohf. sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu um land allt“, eins og henni var breytt með ákvörðun BST nr. Á- 14/2023, eru réttindi og skyldur ÍSP afmarkaðar.

Samkvæmt ákvörðunum eftirlitsaðila skal ÍSP bjóða notendum á Íslandi upp á dreifingu á eftirfarandi tegundum af póstsendingum, innanlands og til og frá landinu:

- Bréfum upp að 2 kg. (Letter single piece)
- Magnpósti upp að 50 gr. (Bulk letters)
- Pökkum upp að 10 kg. (innanlands á svæði 4)
- Pökkum upp að 20 kg. (til og frá landinu)
- Ábyrgðarsendingum (Registered items)

Tryggðum sendingum (Insured items)
Blindrasendingar upp að 2 kg.

Skipting tekur mið af upptalningu í 2. töl. 2. mgr. 9. gr. laga um póstpjónustu, sem og 1. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna þar sem fjallað er um skyldu til aðgreiningar í bókhaldi sem almenna forsendu fyrir umsóknnum alþjónustuveitanda vegna fjárframlaga fyrir alþjónustu sem honum er skylt að veita og er í umsókn ÍSP gætt að þessari lögbundnu lágmarksskiptingu á þjónustu innan alþjónustu.

Það er skoðun ÍSP að bókhald félagsins, sem og sú kostnaðarskipting sem er viðhöfð innan þess sé í samræmi við þær almennu reglur sem gilda, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga um póstpjónustu og reglugerð um bókhaldslegan aðskilnað nr. 313/2005.

Útreikningar félagsins byggja á kostnaðarbókhaldi félagsins, ásamt því sjálfstæða mati sem fram þarf að fara samkvæmt reglum um hreinan kostnað.

6. Hvati til kostnaðarhagkvæmni

Í ákvörðun BST nr. Á- 1/2022 er vikið að þeirri skyldu sem hvílir á ÍSP að veita þjónustu með hagkvæmum hætti. Um þetta segir BST m.a. í mgr. 89-90 í ákvörðun stofnunarinnar:

(89) Byggðastofnun telur heldur ekki rétt að gera afturvirka hagræðingarkröfu á ÍSP. Byggðastofnun telur að hagræðing í rekstri undanfarinna ára hjá ÍSP hafi verið töluverð og sé umfram þá kröfu sem að PFS gerði á fyrirtækið í ákvörðun 1/2021. Þess í stað telur Byggðastofnun réttara að eiga samtal við stjórnendur ÍSP um hvaða leiðir séu færar til þess að hægt sé að rækja alþjónustuskyldur fyrirtækisins með enn hagkvæmari hætti en nú er gert og horft er til lengra tímabils en eins árs í því samhengi. Byggðastofnun leggur því áherslu á að fyrirtækið haldi áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið undanfarin ár.

Á árinu 2025 má sem dæmi nefna eftirfarandi aðgerðir sem fyrirtækið hefur gripið til sem tengjast hagræði af þjónustu fyrirtækisins almennt og þar með innan alþjónustu á virkum sem og óvirkum markaðssvæðum.

- Eftirfarandi afgreiðslustöðum var lokað á árinu og hin skyldubundna þjónusta í framhaldinu leyst með hagkvæmara hætti, einkum með uppsetningu Póstboxa eða póstbílalþjónustu:
 - 220 Hafnarfjörður (eigin rekstur)
 - 690 Vopnafjörður (samstarf)
- Áfram var unnið að aukinni skilvirkni kerfisins með uppsetningu Póstboxa um landið allt, sem koma í staðinn fyrir mannaða afgreiðslustaði, sem eru mun dýrari afhendingarleiðir en afhending póstsendinga í póstbox er hagkvæmasta afhendingarleið ÍSP.
- Áfram var unnið að aukinni sjálfvirkni við vinnslu sendinga í Póstmiðstöð og hraðari vinnsla sendinga í gegnum pakkaflokkara fyrirtækisins, sem og dregið úr umfangi starfsemi ÍSP sem tengist dreifingu bréf.
- Greiddum ársverkum í starfsemi fyrirtækisins heldur áfram að fækka og hafa farið úr 460 á árinu 2024, niður í 419 á árinu 2025, sjá skiptingu hér að neðan.

Meðal greidd stöðugildi - janúar til desember 2025 vs. janúar til desember 2024

	Jan-des	Jan-des	
Höfuðborg vs landsbyggð	2024	2025	Mism.
Höfuðborgarsvæði	292	268	-8,4%
Landsbyggð	168	151	-9,7%
	460	419	-8,9%

ÍSP telur því að fyrirtækið hafi uppfyllt þær kröfur sem hvíla á fyrirtækinu um hagræðingu í rekstri og þar með um leið stuðlað með beinum hætti að lægri hreinum kostnaði sem ríkinu er skylt að greiða, sbr. lög um pósthjónustu. Ekki ætti því að koma til þess að BST sjái ástæðu til að breyta þeirri skoðun sinni að ekki sé rétt að gera afturvirka hagræðingarkröfu, sbr. umfjöllun stofnunarinnar hér að ofan.

Þá er rétt að taka fram að áframhaldandi hagræðingaaðgerðir eru fyrirhugaðar á árinu 2026 með það að markmiði að draga úr umsetningu félagsins vegna minnkandi bréfamagns í dreifikerfum fyrirtækisins. Á Kópaskeri og í Hrafnagili hafa verið í gangi tilraunaverkefni, í samvinnu við sveitarfélögin og íbúa á staðnum þar sem bréf eru afhent í Póstbox. Gera má ráð fyrir að hægt sé að ná fram hagræðingu við dreifingu bréfa í gegnum þá dreifileið, einkum á minnstu þéttbýlisstöðunum þar sem innviðir eru þegar til staðar. ÍSP hefur einnig sent erindi til Innviðaráðuneytis og Byggðastofnunar þar sem m.a. er kallað eftir því að skoðaðir verði möguleikar á reglugerðarbreytingu sem myndi heimila að afhending á bréfum í pósthjónu yrði ein af þeim afhendingarleiðum sem ÍSP væri heimilt að taka upp. Fyrirtækið hefur jafnframt tilgreint nokkra minni þéttbýlistaði á landinu þar sem mögulegt er að hefja dreifingu með þessum hætti, með tiltölulega skömmum fyrirvara. Þessi breyting á regluverkinu myndi stuðla að lækkun kostnaðar við dreifingu á bréfum, einkum á þeim stöðum sem eru hvað óhagkvæmastir í þjónustu hjá ÍSP. Erindið hefur einnig verið ítrekað við ráðuneytið en engin svör hafa borist.

Á undanförunum árum hefur fyrirtækið einnig farið árlega í fjölmargar viðamiklar hagræðingaraðgerðir, sem flestar tengjast minnkandi bréfamagni, s.s. lokun dreifingarstöðva, viðamiklar uppsagnir á starfsfólki, ýmsar rafrænar lausnir, breytingar í afgreiðsluneti á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni, svo fátt eitt sé nefnt. Með þessum aðgerðum hefur verið hægt að halda niðri rekstrarkostnað fyrirtækisins almennt, óháð því hvort þjónustan er veitt á virkum eða óvirkum markaðssvæðum. Á sama tíma er viðhaldið nauðsynlegum innviðum til að uppfylla kröfur stjórnvalda um þjónustu, hvort sem er á grundvelli útnefningar eða alþjóðlegra skuldbindinga sem hvíla á Íslandi á sama tíma og magn (og þar með tekjur) eru að lækka verulega.

Þessar hörðu aðhaldsaðgerðir hafa m.a. leitt til þess að endurgjald ríkisins fyrir þjónustu á óvirkum markaðssvæðum hefur nánast staðið í stað og þar með hækkað hlutfallslega minna en víðast hvar innan EES, t.d. á norðurlöndunum. Þessum möguleikum til stórra kerfisbreytinga fer þó fækkandi og munu í raun ekki skapast nema t.d. með breytingum á regluverki t.d. með því að heimila afhendingu bréfa í pósthjónu þar sem því verður við komið.

7. Önnur atriði

7. 1. Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands

Í samræmi við 7. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu er kostnaði vegna erlendra sendinga til landsins haldið aðgreindum og er hann ekki tekin með í útreikningum félagsins um hreinan kostnað á óvirkum svæðum.

Kostnaður við dreifingu á erlendum almennum óskráðum bréfum hefur hins vegar verið að aukast á undanförunum árum, enda hefur einingarkostnaður verið að aukast í takt við fækkun innlendra óskráðra bréfa, en erlend óskráð bréf fara í sama afhendingarstraum og innlend óskráð bréf. Þau

endastöðvargjöld sem ÍSP fær í dag af dreifingu erlendra óskráðra bréfa duga ekki fyrir kostnaði félagsins við dreifinguna. Ástæða þess að ÍSP fær ekki allan kostnað félagsins greiddan í gegnum endastöðvarsamninga er sú að það er bundið í alþjóðlegum samningum hversu mikið má hækka endastöðvargjöld árlega og tekur sú hækkun aðeins til hluta þeirrar hækkunar á einingarverði sem orðið hefur hér á landi, sem einkum stafar af almennum kostnaðarhækkunum, sem og magnminnkun í kerfinu. Tap félagsins vegna dreifingar á erlendum óskráðum bréfum hefur því viðvarandi.

ÍSP er heimilt að leggja á sendingargjald á skráðar sendingar sem koma til landsins í bréfastraumi, en ekkert gjald er lagt á óskráðar erlendar sendingar sem koma til dreifingar hér á landi. Að mati ÍSP þyrfti að kanna leiðir með hvaða hætti hægt er að koma til móts við ÍSP þegar kemur að dreifingu erlendra óskráðra sendinga hér á landi, en tekjur af þeim í dag duga einungis fyrir hluta af kostnaðinum. Samkvæmt 7. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu getur póstreikandi sem er útnefndur ekki farið þess á leit að honum verði með fjárframlögum tryggt endurgjald fyrir þjónustu vegna erlendra póstsendinga.

7.2. Um B- hluta viðauka II endurheimt og fjármögnun hreins kostnaðar

Í B- hluta viðauka II er t.d. viðurkennt að tilfærslurnar (greiðsla fyrir alþjónustu) geti valdið einhverri röskun á samkeppni, sbr. orðalagið „... tilfærslurnar valda, að því marki sem það er unnt, minnstu mögulegu röskun á samkeppni og eftirspurn.“

Í ákvörðun BST nr. Á-3/2023, segir m.a. um þetta atriði:

(85) Samkvæmt orðanna hljóðan er þannig viðurkennt, í regluverkinu, að greiðsla endurgjalds vegna alþjónustu geti haft áhrif á samkeppni og þar með eftirspurn eftir þjónustu. Eftirlitsstjórnvaldinu (nú Bygðastofnun) ber hins vegar að gæta að því, eftir því sem unnt er, að mögulegar bætur hafi sem minnst áhrif á samkeppni og eftirspurn.

ÍSP telur að umsókn félagsins uppfylli þá kröfu viðaukans um að valda minnstu mögulegri röskun á samkeppni og eftirspurn. Nægir hér að benda á að tæplega 78% af hreinum kostnaði ÍSP er tilkomið vegna þjónustu á svæði 4, en þeirri þjónustu er almennt sinnt af landpóstum (verktökum) sem þjónusta dreifbýlið tvisvar sinnum í viku. Engin samkeppnisaðili ÍSP veitir reglubundna þjónustu á þessu svæði. Gildir þá einu hvort um er að ræða fyrirtæki sem sinna bréfadreifingu eða dreifingu á pökkum.

Einnig hefur verið gerð sú breyting á kostnaðarmódeli félagsins, samkvæmt kröfu BST, að nú er stuðst við ABC aðferðarfræði við útreikninga á hreinum kostnaði félagsins þvert á það sem almennt tíðkast innan EES. Þessi breyting leiðir til lægra endurgjalds en ella hefði verið.

7.3. Mat á því hvort reiknaður hreinn kostnaður sé ósanngjörn byrði á Íslandspósti (alþjónustuveitanda)

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu skal umsækjandi um endurgjald sýna fram að reiknað tap, ef eitthvert er, hafi í för með sér ósanngjarna byrði á fjárhag alþjónustuveitanda.

Um ósanngjarn byrði er að ræða þegar alþjónustukvöð á póstreikanda með almenna heimild um að veita tilteknum notendum eða notendahópum pósthjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps eða til aðstæðna sem ekki mundu skapast ef venjuleg viðskiptasjónarmið væru lögð til grundvallar. Einnig þarf tapið að hafa veruleg áhrif á rekstrargetu fyrirtækisins og samkeppnismöguleika eða stofna efnahag þess í hættu, sjá nánar 3. mgr. 12. gr. laganna.

Reiknað tap (hreinn kostnaður)

Eins og fram kemur í umsókn ÍSP er reiknaður hreinn kostnaður félagsins vegna þeirra kvaða sem hvíla á fyrirtækinu, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020, eins og henni var breytt með ákvörðun BST nr. Á-14/2023 og ákvörðun BST nr. Á 11/2024 samtals kr. 756.753.296.- Umræddur hreinn kostnaður

félagsins tengist þjónustu við þá notendur eða notendahópa, sem eru skilgreindir sérstaklega í ákvörðunum eftirlitsaðila.

Ef tekið er mið af ofangreindum tölum er það skoðun ÍSP að hreinn kostnaður félagsins vegna alþjónustu hafi í för með sér ósanngjarna byrði á fjárhag félagsins í skilningi 1. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu og að greiðsluskylda hafi stofnast af hendi ríkisins, sbr. 3. og 6. mgr. 12. gr. sömu laga.

7.4. Um greiðslutilhögun

Með ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-5/2025, var Íslandspósti ákvarðað endurgjald kr. 681.128.781, vegna veitingar alþjónustu í pósthjónustu árið 2025.

Greiðslum fyrir þjónustuna var skipt upp með eftirfarandi hætti.

Þann 1. júlí 2025: kr. 341.000.000,-

Þann 1. október 2025: kr. 170.500.000,-

Þann 1. febrúar 2026: Greiðsla eftirstöðva/endurgreiðsla endurgjalds samkvæmt ákvörðun þessari, með fyrirvara um raunuppgjör kostnaðar og uppfærslur kostnaðarlíkans ÍSP.

Tilgangurinn með hinu breytta verklagi við uppgjör vegna þjónustu innan alþjónustu, og þar með endurgjald ríkisins, var að koma á samtímagreiðslum og minnka fjármagnskostnað fyrirtækisins sem hefur numið tugum milljóna á ári þar sem endurgjaldið hefur hingað til verið greitt eftirá.

Í samræmi við þetta breytta verklag sendi ÍSP umsókn um endurgjald vegna ársins 2025, þann 28. mars 2025.

Ríkið hefur greitt þær greiðslur, dagsettar 1. júlí og 1. október 2025, samtals kr. 511.500.000,-, sem kveðið var á um í ákvörðuninni.

Greiðsla eftirstöðvar endurgjalds mun fara fram að lokinni af yfirferð BST á þeirri umsókn sem nú er send (ákvörðun).

8. Útreikningar ÍSP á hreinum kostnaði vegna alþjónustu

Útreikningar ÍSP á hreinum kostnaði, ásamt nauðsynlegu niðurbroti og samantekt er að finna í excel-skjölum sem fylgja með umsókn þessari.

Reykjavík, 25. janúar 2026

